Ljósmynd/Jón Svavarsson



Ragnar Bjarnason fagnar 50 ára söngafmæli og 70 ára afmæli á árinu.

Ragnar Bjarnason

Tvö merkisafmæli á árinu

Ragnar Bjarnason fagnar tveimur merkisafmælum á þessu ári með útgáfu nýrrar hljómplötu. Þann 22. september næstkomandi verður Ragnar sjötugur og einnig á hann hálfrar aldar söngafmæli á þessu ári.

„Hann Óttar Felix Hauksson í Zonet ætlar að gefa þetta út og útsetjari verður Karl Olgeirsson. Þetta er það sem er fastákveðið," segir Ragnar. Ekkert hefur verið afráðið um hverjir leika á plötunni, en Ragnar segir víst að þar verði valinn maður í hverju rúmi.

„Síðan er verið að tala um að fá aðal lagasmiðina okkar, til dæmis Gunnar Þórðarson, Magnús Eiríksson og fleiri til að semja lög. Á plötunni verður eitt lag eftir mig, Móðurást, við texta eftir Ágúst heitinn Böðvarsson, föðurbróður minn. Hann gerði til dæmis textana við lagið hans pabba, Við bjóðum góða nótt, og lagið hans Eiríks frá Hveragerði, Ljósbrá." Ragnar segir að fólk þurfi ekki að óttast að um byltingu verði að ræða í flutningi eða lagavali frá því sem fólk þekkir úr hans garði. „Það verður ekkert rapp eða neitt svoleiðis. Lögin verða ekki öll splunkuný, en öll verða þau með nýjum og glæsilegum útsetningum."

Að því er stefnt að platan komi út í tengslum við sjötugsafmæli Ragnars í haust. „Ég byrjaði 13 ára að spila á trommur og gerði það í mörg ár. Svo fór ég að syngja og á nú 50 ára söngafmæli – og ég er enn að. Stundum syng ég með Milljónamæringunum og hef mjög gaman af því. En aðallega er ég í því að spila einn á píanó, svona borðmúsík, og fæ fólk til að syngja með. Svo kem ég fram sem skemmtikraftur með söng og grín. Það er alltaf jafn gaman að koma fram. Þess vegna er ég ennþá að. Ég hef svo gaman af þessu. Ég helli mér ótrauður í að gera þessa nýju plötu. Hún verður gerð með stæl. Því get ég lofað!"